

Nd.

450. Frumvarp til laga

[90. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Auk þess fjár, sem áður er talið í þessari grein, skal ríkissjóður leggja til deildarinnar óafturkræft framlag, 4 milljónir króna árið 1951 og 2 milljónir króna árlega næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1953. Fé þetta bætist við stofnfé deildarinnar, en skal þó haldið aðgreindu frá núverandi stofnfé hennar. Viðbót þessi við stofnfé deildarinnar skal nefna frumbýlafé.

2. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Ákvæðin í 1. og 2. málsg. þessarar greinar skulu gilda um greiðslu tekjuafgangs vegna frumbýlafjár í viðbótarvarasjóð og greiðslur á tapi úr honum.

3. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætast tveir töluliðir, svo hljóðandi:

- a. Að veita efnalítlum mönnum, þegar þeir byrja búskap, lán af frumbýlafé til að koma upp bústofni og til að kaupa verkfæri og vélar til búrekstrar, svo sem heyvinnuvélar og jarðyrkjuvélar.
- b. Að veita sams konar lán bændum, sem af völdum náttúrunnar, svo sem snjóflóði, vatnsflóði, skriðuföllum eða jarðskjálfta, eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, verða fyrir svo miklum bústofnsmissi eða tjóni á verkfærum eða vélum, að það stofnar fjárhagslegri afkomu þeirra í hættu.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætast fimm nýjar málsg., svo hljóðandi:

Lán af frumbýlafé skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé eða vélum, öðru hvoru eða hvoru tveggja, og mega ekki nema meiru en $\frac{2}{5}$ af verði veðsins samkvæmt skattmati.

Lán samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Þau mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Hámark vaxta af lánnum þessum skal vera 4%.

Skylt er lántakanda að annast endurnýjanir á búfé, sem hann hefur veðsett vegna láns til bústofnskaupa, þannig að fénaðurinn sé jafnan á góðum aldri. Á sama hátt er lántakanda skylt að halda vel við vélum, sem hann hefur veðsett veðdeildinni.

Nú bregður maður búi, flytur burt, svo að bústofninn verður ekki fluttur með, heldur illa við veðsettum vélum eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum gagnvart veðdeildinni, og eru þá eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga.

Að öðru leyti má í reglugerð kveða nánar á um lán af frumbýlafé og um viðhald veða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.